



Reykjavík 19.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.


Hljóðvistarstýrkir

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 13. október 2017 varðandi breytingu á reglum fyrir greiðslu hljóvistarstyrkja.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 13. október 2017.



Umhverfis og skipulagsráð.

Dags. 13.október 2017

Efni: Breytingar á einingaverðum í gjaldskrá fyrir greiðslu hljóðvistarstyrkja

Lagt er til að samþykktar verði breytingar á einingaverðum gjaldskrár í úthlutunarreglum um greiðslur til hljóðvistarstyrkja frá 1997, einingaverðum fækkað og ný aðferð notuð við áætlun styrkfjárhæðar. (sjá meðfylgjandi skjal frá Verkfræðistofunni Önn)

1. Einingarverð sem eru óbreytt frá 1997 og uppreiknaðar m.v byggingarvísitölu verði uppfærð til samræmis við ný einingaverða á gleri á markaði. Einingarverð á gleri eru út takti við þær vísitöluhækkunarir sem byggingarvísitala hefur byggt á. Þar hefur vinnuliður hækkað umtalsvert umfram efniskostnað.
2. Einingarverð sem í dag eru í 9 liðum fyrir hljóðstig á bilinu 65dB – 73dB verði fækkað í 3 fyrir hljóðstig á sama bili. (sjá meðfylgjandi gögn)
3. Aðferð styrkfjárhæðar verði metin þannig að kostnaður vegna tiltekins fjölda loftrása sem ráðgjafi leggur til við úrlausn verði metinn sérstaklega og skuli koma til viðbótar við heildarverð fyrir m2 glers í stað þess að hann sé innifalinn í einingaverðum sem nú er.

Kristinn Jón Eysteinnsson

Hljóðvistarstyrkir Reykjavíkur. Endurskoðun styrkuppþæða í október 2017

Ég hef að beiðni Kristins J. Eysteinsonar hjá Samgöngustofu áætlað raunkostnað við endurnýjun glers og lagfæringar á gluggum húsa við umferðargötur með tilliti til styrkveitinga Reykjavíkurborgar vegna hásljóðstígs við húsvegg.

Styrkveiting til endurbóta byggist á jafngildishljóðstigi frá umferð sem reiknað er út frá norrænu reiknimodeli og m.a. miðað við fjölda bíla yfir 24 klst., ásettan aksturshraða, fjölda þunga bíla, fjarlægð frá vegmiðju ásamt fleiri atriðum. Augljóst má því vera að ekki er þörf að miða við nákvæmt gildi á hljóðstigi við útreikning á styrk heldur miða styrk við ákveðið svið.

Miðað er við og tekið tillit til þess að kostnaður við undirbúning og fleira varðandi glerskipti er mjög áamóta óháður því hverja glergerð þarf að velja til að fullnægja kröfu um hljóðeinangrun. Verðmismunurinn liggur því aðallega í glergerðinni sjálfri. Samkvæmt niðurstöðu útreiknings er því ekki sá mismunur í kostnaði við endurbætur hljóðvistar í íbúðarhúsum með tilliti til hljóðstíga sem eldri styrktafla gefur til kynna.

Ýmislegt hefur breyst frá því að styrkuppþæðir voru ákveðnar í upphafi styrkveitinga. M.a. hefur framboð og gerð á gleri breyst með endurbættum framleiðsluháttum og verð þess hefur ekki fylgt hækkun byggingarvísitölu, eins og styrkuppþæðir hafa gert.

Í framhaldi af ofansögðu kom mér í hug, hvort ekki ætti að einfalda töflu um styrkuppþæðir og taka saman í styrktarflokka og hafa aðeins 3 styrkuppþæðir, þ.e. eina fyrir hvern styrktarflokk.

Er því sett fram eftirfarandi tillaga um styrkveitingaruppþæðir miðað við byggingarvísitölu 135.1:

Fl. 1: 73-71 dB **95.000** kr.m² glers
Fl. 2: 70-68 dB **77.500** kr.m² glers
Fl. 3: 67-65 dB **60.000** kr.m² glers

Þessar uppþæðir eru miðaðar við að styrkur sé 70% af kostnaði í 1. flokki, 60% af kostnaði í 2. flokki og 50% af kostnaði í 3. flokki.

Í stað opnanlegra glugga er farið fram á að loftræsa herbergi á annan hljóðlátari hátt, t.d. með hljóðdeyfðum ventlum með eða án viftu. Áætluðum kostnaður við hljóðdeyfða loftventla er kr. 50.000.- pr. ventil væri síðan bætt við reiknaða styrkuppþæð sem greiðist aðeins verði þeir settir.

Sú tafla sem nú er í gildi, uppreiknuð og miðuð er við byggingarvísitölu 135.1 (Okt.2017) er eftirfarandi:

73.00	186.345 kr.m ² glers
72.00	168.165
71.00	148.849
70.00	130.669
69.00	111.362
68.00	93.172
67.00	85.219
66.00	78.401
65.00	74.992

Sé ný tafla gerð eftir endurútreikning kostnaðaráætlunar og höfð í sama formi og eldri tafla gæti röð styrkuppþæða verið eftirfarandi:

73.00	99.000 kr.m ² glers
72.00	<u>95.000</u>
71.00	89.000
70.00	84.000
69.00	<u>77.500</u>
68.00	72.000
67.00	69.000
66.00	<u>60.000</u>
65.00	55.000

Sé taflan einfölduð og styrkuppþæðir aðeins 3, eins og lagt er til hér að framan er tekin miðtala af þremur styrkuppþæðum og sett í töflu.

Seltjarnarnesi, 10.10. 2017

Gunnar Hans Pálsson